

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, íbúðar- og frístundabyggðarsvæði í landi Hellatúns 1 og Lindarbæjar 1a og 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Í landi Hellatúns 1 breytist um 32 ha landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði með 2 - 4 ha lóðum. Aðkoma að svæðinu verður um Þjóðveg 257, Ásveg.
- Í landi Lindabæjar 1a breytist um 8 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð með 10 lóðum. Aðkoma að svæðinu er um Þjóðveg 271, Bugaveg.
- Í landi Lindarbæjar 2 breytist um 70 ha landbúnaðarsvæði í annarsvegar svæði fyrir frístundabyggð með 20 lóðum og hinsvegar í íbúðarsvæði með 8 lóðum. Aðkoma að svæðinu er um Þjóðveg 271, Bugaveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Ásahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*